

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 5. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að bætt verður við einni hæð ofan á útbyggingu við suðausturhorn Holtaskóla og byggð ný tveggja hæða viðbygging milli tveggja álma í porti skólans. Byggingarmagn á lóð eykst um 5.700 m² og nýtingarhlutfall verður 0,42. Hámarkshæð byggingar verður 22,5 metrar. Heimilað verður að fjarlægja tvo skúra sem nú eru á lóðinni og gert ráð fyrir endurhönnun skólalóðar með tilliti til bætts aðgengis. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Tæknivalla.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 15. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi Tæknivalla, Ásbrú. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að svæðið er stækkað úr 74 ha í 109 ha. Skilgreindar eru nýjar lóðir fyrir athafnastarfsemi, gerð grein fyrir ofanvatnslausnum, gerðar breytingar á umferðartengingum og skilgreindar gönguleiðir um svæðið. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 2. júní 2025.

Halldóra F. Þorvaldsdóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025